

Óskað er eftir því að neðangreind auglýsing verði birt í Lögbirtingarblaðinu 28. febrúar 2017.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Breiðhelli 18 og 20, Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2016 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna að Breiðhelli 18 og 20 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu "Hellnahraun 2. áfangi, staðfest 11.04. 2011.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að lóðirnar að Breiðhelli 18 og 20 sameinast í eina lóð, grunnflötur byggingarreits stækkar, hámarkshæð bygginga eykst og aðkomur að lóð verða tvær í stað einnar.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhelli 2, frá 28. 02. til 11. 04. 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is . Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 11. 04. 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.